



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Umhverfismál til framtíðar

Verkmenntaskóli
Austurlands

Mýrargötu 10


740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Upplýsingar um verkefnið	1
Markmið verkefnis	1
Leiðir til að ná markmiði.....	2
Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	8
Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins	8
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið.....	9
Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?.....	9
Markmið verkefnisins – náðust þau?	9
Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.....	10

Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Verkmenntaskóli Austurlands

Nafn verkefnisins: Umhverfismál til framtíðar

Nafn verkefnisstjóra: Birgir Jónsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-47 2020-2021

Markmið verkefnis

Markmiðin sem lagt var af stað með í upphafi var að gera heimsmarkmiðin, sjálfbærni og umhverfismál í heild að enn stærri áherslupætti í Verkmenntaskólanum og Nesskóla sem var samstarfsaðili en einnig reyna að tengja út í samfélagið allt. Einnig var markmið að ná til sem flestra í samfélaginu og gera menntun nemendanna merkingarbærari en ella, með það í huga að í Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla segir að: „kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða.“


Einnig átti að flétta inn önnur markmið eins og að vekja athygli á mikilvægi heilbrigðs og umhverfisvæns lífsstíls í samfélaginu (t.d. hjóla, ganga, minnka kjötneyslu og neyslu almennt) og hvernig umhverfisvænni lífsstíll stuðlar að betri heilsu og vellíðan. Lokamarkmiðið var síðan að verkefnið festist í sessi til framtíðar, að sem flestir verði virkjaðir í gegnum það og samfélagið geti þannig orðið sjálfbært.

Leiðir til að ná markmiði

Valið var að fara þá leið að koma upp ýmsum viðburðum í gegnum skólaárið þar sem umhverfismál og sjálfbærni væru til umræðu. Það yrði síðan undirbúningur fyrir sérstaka daga sem helgaðir yrðu málefninu og þar myndu nemendur vera virkjaðir enn frekar og reynt að tengja betur við samfélagið eins og markmiðið var í byrjun.

Heimsfaraldur Covid-19 setti þó fljótt strik í reikninginn og þegar ráðast átti í skipulagningu verkefnisins þurfti að setja það til hliðar vegna samkomutakmarkana og lokana á skólanum. Leið svo árið þar sem verkefnið átti að vinnast (2020-2021) en frestur fékkst á vinnsluna. Þráðurinn var svo loksins tekinn upp í maímánuði 2021. Þá var ráðist í að móta dagskránnu, verkefnafundur var haldinn með fulltrúum Nesskóla og Náttúrustofu Austurlands þar sem hugarflug fór fram. Ýmsar hugmyndir komu þar fram eins og setja fókusinn á matvælaframleiðslu í fjórðungnum, loftslagsmál almennt og hvernig væri hægt að fá nemendur til að taka virkan þátt.

Eftir þennan fund má segja að vinnan hafi verið farin af stað en hún datt þó niður fljótlega aftur vegna Covid í byrjun skólaársins en þráðurinn var þó fljótlega tekinn upp í september 2021 þegar haldinn var fundur í verkefnisteyminu sem sett var saman en það samanstóð af Birgi og Gerði úr VA og þeim Sunnu, Viktoríu og Karen úr Nesskóla. Ákveðið var að setja upp smærri viðburði og fyrirlestra og horfa til þess að halda umhverfisdaga í marsmánuði 2022. Starfið samtvinnaðist síðan umhverfisnefnd VA en þar sitja tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar starfsfólks. Nefndin hittist tvisvar í mánuði til þess að skipuleggja umhverfisstarf og það sem tengdist verkefninu í skólanum. Í Nesskóla starfar einnig umhverfisnefnd sem kom að verkefninu með sama hætti.



Dagskráin hófst á degi íslenskrar náttúru í september 2021 þegar sett var upp fataskiptaslá í Verkmenntaskólanum þar sem mottóið var að sporna gegn skynditísku og fatasóun og voru nemendur og starfsfólk hvött til þess að koma með fót til þess að setja á slánna. Einnig voru nemendur og starfsfólk hvött til þess að nýta sér virkan ferðamáta þennan dag með yfirskriftinni *virkur ferðamáti er heilsusamlegur og umhverfisvænn* og var fólk hvatt til að koma t.d. með almenningssamgöngum, gangandi eða hjólandi í skólann þennan dag. Fataskiptasláin hefur síðan fengið að standa og hafa nemendur umhverfisnefndar m.a. gengið í stofur og kynnt fataskiptalánna. Mikil virkni er á slánni meðal nemenda og starfsfólks.

Þann 4. nóvember 2021 kom Guðrún Schmidt, sérfræðingur hjá Skólum á grænni grein, og hélt fyrirlesturinn *Höfum áhrif: Sjálfbærnimál í brennidepli*. Var fyrirlesturinn fyrir alla nemendur, starfsfólk og aðra áhugasama.

Dagskráin hélt síðan áfram þegar Guðrún kom aftur rúmri viku síðar eða þann 12. nóvember þar sem hún hélt námskeið fyrir nemendur á stúdentsbrautum. Námskeiðið bar heitið *Okkar framtíðarsýn í átt að sjálfbærni* og var þar fjallað um loftslagsmálin, sjálfbæra þróun og heimsmarkmiðin á mannamáli. Voru málin sett í samhengi við daglegt líf nemenda með leikjum, hóp- og einstaklingsverkefnum auk samræðna. Rauði þráðurinn í námskeiðinu var valdefling nemenda og ekki síst hvernig breyta má áhyggjuástandi yfir í aðgerðaástand. Hvernig nemendur gátu ímyndað sér ákveðna óskastöðu eða framtíðarsýn og hvernig væri hægt að raungera hana.



Nemendur vinna saman á námskeiðinu Okkar framtíðarsýn í átt að sjálfbærni. Mynd: Gerður Guðmundsdóttir.

Þann 18. nóvember var haldið námskeið fyrir starfsfólk VA í vistakstri. Þar var farið yfir það helsta sem þarf að hafa í huga til þess að stuðla að vistvænum akstri. Nemendur VA og nemendur á unglíngastigi Nesskóla fengu síðar, á Umhverfisdögum, kynningu á vistakstri.

Eftir áramótin hófst síðan hugmyndavinna fyrir Umhverfisdagana og var ákveðið að hafa nokkra smærri viðburði fram að því.

Í febrúar 2022 útbjuggu nemendur í umhverfisnefnd VA verkefnið *Kolefnissporið mitt*. Verkefnið gekk út á það að mæla kolefnisspor sitt í *kolefnisreikni* og svara nokkrum spurningum í kjölfarið, sem nemendur höfðu búið til. Leiðbeiningar voru fyrir nemendur og aðra sem tóku þátt þar sem bent var á hvernig hægt væri að mæla kolefnisspor á einfaldan hátt og einnig voru upplýsingar um hvað hægt væri að gera til að minnka það. Verkefnið var kynnt á samfélagsmiðlum skólanna og var fólk var beðið um að reikna kolefnisspor

sitt og í kjölfarið að svara könnuninni. Könnunin kom inná að greina niðurstöður og koma með hugmyndir um hvernig viðkomandi gæti bætt sig. Markmiðið með verkefninu var að nemendur og aðrir þátttakendur yrðu meira meðvitaðir um sitt kolefnisspor, einkum neyslu, og fengju um leið hugmyndir að lausnum. Var þetta verkefni góður undanfari fyrir kynningu Hjördísar Sveinsdóttur *Saman gegn sóun*.

Þann 1. mars 2022 kom Hjördís Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og flutti kynninguna *Saman gegn sóun* þar sem fjallað var um neyslu og hvað við getum gert sem einstaklingar. Var kynningin fyrir alla nemendur VA og nemendur á unglingastigi í Nesskóla.



Fyrirlesturinn *Saman gegn sóun*. Mynd: Birgir Jónsson.

Umhverfisdagarnir fóru loks fram dagana 9. og 10. mars. Við skipulagninguna var ákveðið að blanda saman viðburðum sem væru fyrir nemendur beggja

skóla, sem krefðust virkni af nemendum, fræðslu en einnig að sumir þeirra hefðu tengingu út í samfélagið.

Nemendur Nesskóla höfðu misserin á undan unnið verkefni sem sneru að endurnýtingu og sjálfbærni og var ákveðið að þau verkefni yrðu til sýnis á umhverfisdögum.

Dagskráin hófst á því að boðið var upp á graut fyrir nemendur úr byggflögum frá Vallanesi í Múlaþingi. Því næst voru erindi frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands, nemendum í vistfræði og smásaga lesin af Ingibjörgu Þórðardóttur kennara en hún nýtir söguna til þess að kenna um sjálfbærni.



Nemendur í vistfræði flytja kynningu á Umhverfisdögum. Mynd: Gerður Guðmundsdóttir.

Eftir það gátu nemendur valið sér vinnustofur, annað hvort í Fab Lab, fjöri, skreytingum eða slagorðum og var rauði þráðurinn að búa til skreytingar eða slagorð tengt sjálfbærni. Eftir hádegishlé sóttu allir nemendur kynningar þar sem fjallað var um vistakstur, nýtingarmöguleika í sjávarútvegi og sjálfbærni


almennt. Seinni part dagsins var síðan aðalviðburðurinn er þar var gestum og gangandi annars vegar boðið á klinktorg, þar sem gamlir hlutir, bækur, spil og föt voru til sölu fyrir klink, og hins vegar reddingarkaffi þar sem hægt var að koma með biluð tæki og tól og hægt var að láta kennara og nemendur úr Nesskóla og VA gera við. Það má því segja að sjálfbærni hafi verið að leiðarljósi í gegnum daginn. Viðburðurinn var auglýstur á samfélagsmiðlum skólanna, ásamt samfélagssíðum bæjarkjarna Fjarðabyggðar.



Nemendur VA og Nesskóla senda skilaboð til umhverfisins. Mynd: Gerður Guðmundsdóttir.

Seinni daginn fóru nemendur síðan í vettvangsferð til Íslenska Gámafélagsins og fengu fræðslu um flokkun og endurvinnslu.

Segja má að markmið verkefnisins um að koma upp fjölbreyttri fræðslu um umhverfismál hafi náðst þrátt fyrir Covid-19 og náði þetta að skjóta það sterkum rótum að Umhverfis dagar eru nú orðnir að föstum lið í skólastarfinu og er búið að festa þá á skóladagatali næsta árs. Áfram verður einnig haldið á þeirri braut að hafa smærri viðburði í gegnum skólaárið til þess að gera starfið enn markvissara og nú þegar samkomutakmörkunum er að fullu aflétt hægt að færa það enn meira út í samfélagið. Þetta verkefni er þó mikilvægt fyrsta skref í áttina að því.



Heimsókn í Gámafélagið. Mynd: Gerður Guðmundsdóttir

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Covid-19 setti heldur betur strik í reikninginn og þurfti í nokkur skipti að fá frestun á skil á verkefninu. Þegar það komst loksins af stað má segja að hluti af markmiðunum hafi náðst. Umhverfisstarf í báðum skólunum var markvisst og öflug tenging náðist við félagasamtök, stofnanir og aðila í samfélaginu við undirbúninginn. Þó má segja að helstu frávikin hafi verið fólgin í því að enn sterkari tenging út í samfélagið hefði þurft að skapast en vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að gera eins mikið af því og var lagt af stað með í umsókninni. Það kemur þó á næsta skólaári þar sem stefnan er að gera enn betur.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Hér má segja að Covid-19 hafi verið helsta hindrunin. Það þurfti ítrekað að fresta verkefninu og erfiðlega gekk að koma því í gang. Þegar það komst síðan af stað eimdi enn af veirunni hér fyrir austan og þurftu amk tveir aðilar að afboða sig á Umhverfis dagana með stuttum fyrirvara. Var það annars vegar

vinnustofa um iðnaðarhamp og hins vegar um harðfiskverkun. Við eigum þá aðila þó inni fyrir næstu Umhverfisdaga.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Helsti ávinningurinn við vinnslu verkefnisins var að þar sköpuðust tengingar við aðila sem starfa á sviði umhverfismála, bæði í nærsamfélaginu en einnig aðila sem eru lengra í burtu. Þær tengingar hjálpa okkur við að halda áfram því öflugra umhverfisstarfi sem unnið var í vetur.

Einnig má segja að annar helsti ávinningurinn hafi verið að samstarfið á milli Verkmenntaskólans og Nesskóla styrktist enn betur, bæði á milli starfsfólksins sem tók þátt í verkefninu og undirbúningi þess og nemenda. Það er dýrmætt þegar fram í sækir og þá er gott að hafa í huga að markmið verkefnisins til lengri tíma er að stefna að sjálfbærni í samfélaginu. Með því að tengja aðila saman verða þeir allir í sama liði.

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hafði áhrif á skólastarfið í heild, það eflði til muna umhverfisstarf og meðvitund nemenda um þá þætti sem skipta máli. Það náðist einnig að festa umhverfisdagana í sessi sem var eitt helsta markmið verkefnisins. Þetta er því góð byrjun til þess að ná höfuðmarkmiði verkefnisins, sem er að samfélagið verði sjálfbært.

Markmið verkefnisins – náðust þau?

Segja má að hluta af markmiðum verkefnisins hafi verið náð. Það voru haldnir fjölbreyttir viðburðir fyrir nemendur beggja skóla og þeir virkjaðir til þátttöku. Vegna Covid-19 hefði tengingin við samfélagið geta verið enn sterkari og meiri en það verður gert enn betur á næsta skólaári. Þetta verkefni byggir undir umhverfisstarf skólanna og mun verða til þess að það vex og dafnar með höfuðmarkmiðið í huga, sem er að samfélagið verði sjálfbært. Það gerist ekki á

einni nóttu en það að festa svona daga og svona verkefni í sessi í skólastarfi er mikilvægt skref.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið var kynnt á miðlum skólanna, einstaka viðburðir fengu töluverða umfjöllun og auk þess fjallaði Austurfrétt, héraðsfjölmiðillinn um umhverfisdagana. Einnig voru gerð stutt myndbönd af umhverfisdögunum þar sem sjá mátti hvernig nemendur unnu saman, sendu skilaboð og fræddust.

Umfjöllun á Austurfrétt: <https://www.austurfrett.is/lifid/safna-fyrir-adhstodh-vidh-ukrainu-a-kaerleiksdoegum>

Myndbönd:


<https://youtu.be/v9-VSOB777M>

https://www.youtube.com/watch?v=m_tlCtXJ6GA

Neskaupstað, 27.5. 2022



Birgir Jónsson, verkefnisstjóri



Hafliði Hinriksson, skólameistari